

**Fundargerð NOS fundur** nefnd oddvita og sveitarstjóra í Árnessýslu utan Árborgar

Haldinn að Hótel Vatnsholti í Flóahreppi þriðjudaginn 25. Apríl.

Mætt til fundar : Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerði formaður nefndarinnar, Árni Eiríksson Flóahreppi, Björgvin Skafti Bjarnason Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppi, Ingibjörg Harðardóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Jón G Valgeirsson Hrunamannahreppi, Kristófer Tómasson Skeiða- og Gnúpverjahreppi, María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri, Sveinn Steinarsson Ölfusi og Valtýr Valtýsson Bláskógabyggð.

Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerði setti fundinn kl 10:10 og bauð gesti velkomna. Hún lagði til Kristófer Tómasson að ritaði fundargerð og var það samþykkt.

Gengið til dagskrár :

- 1. Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings 2016 lagður fram.** Urðu um hann nokkrar umræður. Ársreikningur samþykktur samhljóða og undirritaður af hlutaðeigandi aðilum.
- 2. Staða varðandi tilvísanir til sálfræðinga.** Fram kom í máli Maríu félagsmálastjóra að mikil uppsöfnuð þörf væri til staðar í þeim efnum og brýnt að vinna að úrlausnum með liðsauka. NOS leggur til við hutaðeigandi sveitarstjórnir að samþykkt verði heimild til forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings þess efnis að ráðinn verði sálfræðingur í verktöku til þjónustunnar í þeim tilgangi að létta á fyrirbyggjandi biðlistum.
- 3. Húsnæðismál.** Aldís greindi frá því að allt bendi til þess að bæjarskrifstofur Hveragerðis flytji í það húsnæði við Breiðumörk í Hveragerði sem nú hýsir Skóla- og velferðarþjónustuna. Liggur því fyrir að Skóla- og velferðarþjónustan þurfi að flytja starfsemina. Hún sagði einnig frá hugmyndum um að skóla- og velferðarþjónustan verði flutt í hús við hliðina á núverandi húsnæði Fljótsmörk 2, en það húsnæði er í eigu Kvenfélags Hveragerðis og er um 130 m<sup>2</sup> að stærð. Að mati Aldísar er það húsnæði hentugt fyrir starfsemi þjónustunnar, sem nú telur 8 starfsmenn. Samþykkt var að fela Aldísi formanni að ganga til viðræðna við eigendur húsnæðisins um langtímaleigu þess og tilheyrandi breytingar á því. Samþykkt að á næsta fundi nefndarinnar verði umrætt húsnæði skoðað.
- 4. Önnur mál.** Stent að næsta fundi í núverandi húsnæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings 15 maí nk kl. 11:00.  
Fundi slitið kl 10:59.  
Kristófer Tómasson fundarritari.

Að fundinum loknum fór fram kynning Maríu félagsmálastjóra á uppgjöri rekstrar Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings árið 2016. Ásamt öðrum rekstrarupplýsingum. Vísast til gagna þar um.